

Umhverfisstofnun  
Áb. ÓAJ  
**03 NOV. 2006**  
59.23  
Tilv. UST20060900106

Kópavogsbær  
Smári Smáráson,  
arkitekt  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 2. nóvember 2006

Tilvísun: UST20060900106/óaj


### Breyting á deiliskipulagi Smáratorgs


Vísað er til erindis Kópavogsbæjar dags. 22. september sl. þar sem óskað eftir umsögn stofnunarinnar varðandi breytingu á deiliskipulagi við Smáratorg 1, 3 og 5.

Í breytingunni felst m.a. stækkun lóðar um liðlega 3.500 m<sup>2</sup>, byggingarreitur bílakjallara stækkar til norðurs, byggingarreitur verslunarhluta Smáratorgs 3 verður tvær hæðir í stað einnar hæðar, byggingarmagn lóðarinnar eykst úr 25.000 m<sup>2</sup> í tæplega 37.000 m<sup>2</sup>. Einnig er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir bílastæðapalli vestan við núverandi byggingareit yfir Fífuhvammsveg þar sem fyrirhugaður bílastæðapallur við Smáratorg 3 mun tengjast núverandi bílastæðapalli norðan Smáralindar. Gert er ráð fyrir aðkomurampa frá Reykjanesbraut upp á framangreindan bílastæðapall.

Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að fyrirhugað deiliskipulag muni hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif umfram þær skipulagsáætlanir sem þegar hafa hlotið umfjöllun og samþykkið Kópavogsbæjar á þessu svæði. Varðandi hljóðvist þá telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að aðkomurampi upp að bílastæði við Smáratorg verði byggður samhliða öðrum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á svæðinu, enda mun hann að öllum líkindum draga úr umferð um Fífuhvammsveg og þar af leiðandi lækka hljóðstig við Fífuhvammsveg og að einhverju leyti við Dalveg. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi framangreindrar lóðar.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun